



Alþýðusamband Íslands

Endurskoðuð hagspá 2012-2014

Hagdeild ASÍ
Febrúar 2012

Hagkerfið tekur við sér á ný

Viðsnúningur varð í íslensku efnahagslífi í fyrra en áætlanir gera ráð fyrir að hagvöxtur árið 2011 hafi verið 3,1%. Þetta er nokkuð meiri vöxtur en búist var við og má rekja hann til aukningar í einkaneyslu og útflutningi. Áfram er gert ráð fyrir hægfara bata með vexti landsframleiðslu á bilinu 1,4% til 2% á ári næstu þrjú ár.

Staðan á vinnumarkaði verður áfram erfið en batnar hægt í takt við jákvæðari horfur í efnahagsmálum. Í lok spátímans 2014 er gert ráð fyrir að atvinnuleysið verði 4,9%.

Ráðstöfunartekjur hækka vegna launahækkana og tímabundinna aðgerða til stuðnings skuldugum heimilum og mun staða heimilanna því vænkast á næstu misserum. Þegar líður á spátímamann og tímabundnum aðgerðum sleppir mun mikil skuldsetning heimilanna og erfitt aðgengi þeirra að lánsfé hefta vöxt ráðstöfunartekna og takmarka getu þeirra til aukinnar neyslu.

Gert er ráð fyrir að gengi krónunnar styrkist um 5% á spátímanum en verði áfram veikt og gengisvísitalan verði komin í 206 stig árið 2014. Verðbólga verður mikil í ár eða 5,1% en hún minnkar smá saman þegar líður á spátímamann og verður 2% í árslok 2014.

Hagdeildin spáir hægum vexti landsframleiðslunnar á næstu árum. Hún eykst um 1,5% á þessu ári, 2,0% á næsta ári og 1,4% árið 2014.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

	<i>Í ma.kr.</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Spá</i>	<i>Spá</i>	<i>Spá</i>
Hlutfallsleg breyting	2010	2011	2012	2013	2014
Einkaneysla	787.7	3.5	2.2	1.1	2.1
Samneysla	398.6	-1.4	-0.6	0.0	0.5
Fjármunamyndun	199.9	4.8	9.4	17.6	3.5
<i>þar af atvinnuvegir</i>	122.4	10.8	15.9	22.1	0.6
<i>þar af húsnæði</i>	35.5	8.9	8.0	12.0	18.4
<i>þar af hið opinbera</i>	42.0	-16.2	-16.8	0.0	1.0
Þjóðarútgjöld	1,382.9	3.3	1.9	3.4	1.9
Útflutningur	861.3	2.7	2.4	0.9	1.1
Innflutningur	707.0	3.1	3.3	3.6	2.2
Landsframleiðsla	1,537.1	3.1	1.5	2.0	1.4
Verðbólga ¹		4.0	5.1	3.1	2.3
Atvinnuleysi ²		7.4	6.6	5.6	4.9
Gengisvísitala ³		217	213	208	206
Viðskiptajöfnuður ⁴		1.0	1.3	-0.6	-0.8

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð


Spáin byggir á sömu forsendum og spá hagdeildar frá því í október 2011. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við endurbætur á álverinu í Straumsvík og framkvæmdir við tengd orkuver ljúki í árslok 2014. Vegna óvissu um framhald framkvæmda við álverið í Helguvík er ekki gert ráð fyrir þeim í þessari spá né framkvæmdum við tengd orkuver.

Gert er ráð fyrir framkvæmdum við kísilver í Helguvík seinki lítillega og framkvæmdir fari á fullt skrið á fyrri hluta þessa árs. Einnig er gert ráð fyrir ýmsum opinberum og hálfopinberum framkvæmdum sem fjármagnaðar verði af einkaaðilum, þó óvissa ríki enn um nokkur þeirra.

Eins og áður er gert ráð fyrir að stjórnvöld vinni áfram að þeim markmiðum, sem þau settu sér í samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, um jöfnuð í ríkisfjármálum og að heildarjöfnuði verði náð árið 2014.

Heimilin rétta úr kútnum

Staða heimilanna fer hægt batnandi og eru þau að byrja að rétta úr kútnum eftir þrengingar síðustu ára. Eftir nær fjórðungs rýrnum kaupmáttar ráðstöfunartekna árin 2009 og 2010 tók kaupmátturinn að aukast á ný í fyrra og staða heimilanna vænkaðist að sama skapi, sem endurspeglaðist í aukinni neyslu. Áætlað er að neysla heimilanna hafi aukist um 3,5% í fyrra sem er nokkuð meira en gert var ráð fyrir í haustspá hagdeildar.



Hægt batnandi atvinnuástand, lengri vinnutími, launahækkanir í kjölfar kjarasamninga sl. vor, tímabundnar aðgerðir stjórnvalda til stuðnings skuldugum heimilum, hækkandi íbúðaverð, niðurfærsla skulda og vaxandi bjartsýni ýta undir aukna neyslu heimilanna.

Skuldir heimilanna hafa lækkað síðustu tvö ár og búast má við að þær haldi áfram að lækka á næstu misserum þar sem enn á eftir að afgreiða margar umsóknir um greiðsluferfiðleikaúrræði. Þrátt fyrir þetta verður staða margra heimila áfram þröng vegna mikilla skuldsetningar.

Hagdeildin áætlar að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hafi vaxið um 6,5% í fyrra. Búast má við að það hægi á vexti ráðstofunartekna á þessu ári. Hagdeildin spáir því að einkaneysla vaxi um 2,2% á þessu ári, 1,1% á næsta ári og um 2,1% árið 2014.


Staða ríkis og sveitarfélaga þröng

Töluverður árangur hefur náðst við að ná tökum rekstri ríkis og sveitarfélaga og hefur dregið mjög úr hallarekstri þeirra frá því fyrst eftir hrun. Tekjustofnar eru farnir að aukast á ný með hækkandi launum, lengri vinnutíma, batnandi atvinnuástandi og aukinni neyslu almennings. Með batnandi atvinnuástandi dregur jafnframt úr útgjöldum vegna atvinnuleysis. Háar vaxtagreiðslur og afborganir af erlendum lánum verða þó áfram íþyngjandi í rekstri hins opinbera og áfram verður þörf á aðhaldi í rekstri hjá ríki og sveitarfélögum á næstu misserum.

Útgjöld til samneyslu drógust saman um 1,4% í fyrra og er það í takt við spá hagdeildar í október. Í ár er gert ráð fyrir að samneysluútgjöld dragist saman um 0,6%. Samneysluútgjöld standa í stað árið 2013 og aukast síðan lítillega 2014.

Dregur úr halla ríkissjóðs

Staða ríkissjóðs heldur áfram að batna gangi fjárlög yfirstandandi árs eftir þótt viðsnúningurinn sé heldur hægari en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Eftir miklar skattkerfisbreytingar árið 2010 tóku tekjur ríkisins að aukast á ný eftir mikinn samdrátt árin 2008 og 2009. Erfiðara hefur gengið að koma böndum á útgjöld ríkisins m.a. vegna ýmissa ófyrirséðra atburða og ábyrgða sem fallið hafa á ríkissjóð. Stjórnvöld hafa frá árinu 2009 unnið að aðlögun ríkisfjármálanna samkvæmt sameiginlegri efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hefur mikill árangur náðst í þeim efnum á skömmum tíma. Jafnt og þétt hefur dregið úr hallarekstri ríkisins sem hefur farið úr ríflega 13% af landsframleiðslu árið 2008 í 9,3% árið 2010. Gangi fjárlög þessa árs eftir verður hallinn kominn í 1,2% á þessu ári og svokallaður frumjöfnuður, þ.e. jöfnuður að undanskildum vaxtagjöldum og vaxtatekjum, verður jákvæður um 2% af landsframleiðslu.



Í fyrra var efnahagsáætlunin endurskoðuð og dregið úr aðhaldsstigi hennar m.a. vegna þess að skuldir ríkisins reyndust minni en upphaflega var áætlað. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir jákvæðum frumjöfnuði í fyrra og jákvæðum heildarjöfnuði árið 2013. Núverandi áætlun gerir ráð fyrir að jákvæður frumjöfnuður náist á þessu ári og heildarjöfnuði verði náð árið 2014.

Í fjárlögum þessa árs er ekki gert ráð fyrir verulegum skattkerfisbreytingum en reiknað er með umtalsverðri tekjuaukningu vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu. Fjárlögin gera sömuleiðis ráð fyrir áframhaldandi niðurskurði í rekstri ríkisins þótt hann sé minni en undanfarin ár.

Hagdeildin gerir áfram ráð fyrir aðhaldi í rekstri ríkisins og að samneysluútgjöld þess dragist saman á yfirstandandi ári en aukist lítillega árin 2013 og 2014.

Efnahagsáætlun stjórnvalda gerir ráð fyrir heldur hagfeldari þróun efnahagsmála næstu misserin en hagdeildin gerir ráð fyrir. Gangi spá okkar eftir verða tekjur ríkisins nokkuð lægri en áætlunin gerir ráð fyrir. Það þýðir að grípa gæti þurfi til meiri niðurskurðar og/eða aukinnar tekjuöflunnar til að ná settum markmiðum.

Íþyngjandi skuldir sveitarfélaga

Staða sveitarfélaga er nokkuð misjöfn. Einna verst er hún á SV-horninu og öðrum vaxtasvæðum. Þegar horft er á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í heild, hefur heldur dregið úr hallarekstri, sem einkum má rekja til mikils niðurskurðar í rekstri og aukinnar tekjuöflunar, samhliða auknum framlögum frá ríkinu.

Allt bendir til þess að viðsnúningur hafi orðið í rekstri sveitarfélaganna á síðasta ári og tekjur hafi aukist hraðar en útgjöld. Vísbendingar eru um að skatttekjur sveitarfélaganna séu farnar að aukast eftir tveggja ára samdrátt. Útgjöldin hafa einnig haldið áfram að aukast en hægar en tekjurnar. Því hefur dregið úr rekstarhallanum.

Staða sveitarfélaganna verður áfram þröng. Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi í upphafi ársins sem setja rekstri sveitarfélaganna ákveðnar skorður. Í nýju lögnum eru ströng ákvæði um rekstur sveitarfélaga og er meðal annars kveðið á um það að heildarskuldir sveitarfélaganna megi ekki nema meira en 150% af tekjum þeirra. Mörg sveitarfélög skulda langt umfram 150% hlutfallið. Þetta verður krefjandi verkefni fyrir mörg sveitarfélög og við þeim blasir að lækka skuldir sínar á næstu árum. Flest sveitarfélög hafa þegar lagt á hámarks útsvar og svigrúm til að auka tekjur með frekari álögum á íbúa er lítið. Má því búast við frekari aðhaldi í rekstri sveitarfélaganna á komandi árum.

Fjárfestingar aukast á ný

Umskipti urðu í fjárfestingum á umliðnu ári. Eftir fjögurra ára samfeldan samdrátt í fjárfestingum jukust þær um tæp 5%. Þetta er þó nokkuð minni vöxtur en hagdeildin gerði ráð fyrir í október. Skýrist það af minni atvinnuvegafjárfestingum, sér í lagi stóriðju en einnig minni fjárfestingum á vegum hins opinbera.


Heildarfjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu voru í sögulegu lágmarki í fyrra eða um 12%. Gangi spá hagdeildar eftir verður þetta hlutfall komið í ríflega 17% við lok spátímans. Það er mun lægra hlutfall en gert er ráð fyrir í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins við stjórnvöld frá því í maí í fyrra. Þar er gert ráð fyrir að heildarfjárfestingar verði 20% af landsframleiðslu fyrir árslok 2013.

Hagdeildin spáir því að heildarfjárfestingar haldi áfram að vaxa út spátímann. Gert er ráð fyrir að þær aukist um 9,4% í ár, um 17,6% árið 2013 og um 3,5% árið 2014.

Nokkur óvissa ríkir um fjárfestingar atvinnuveganna. Þótt geta margra fyrirtækja til að fjármagna nýjar framkvæmdir hafi vænkast í kjölfar fjárhagslegra endurskipulagninga er staða fyrirtækja mjög misjöfn. Mörg þeirra verða áfram að glíma við mikla skuldabyrði sem takmarkar getu þeirra til fjárfestinga. Þörf fyrirtækja fyrir fjárfestingar er einnig mjög misjöfn. Mörg fyrirtæki drógu verulega úr framleiðslu í kjölfar efnahagshrunsins, án þess að selja frá sér framleiðslutæki. Þau búa því yfir vannýtttri framleiðslugetu og þurfa ekki að ráðast í fjárfestingar til að auka framleiðsluna. Það eru því líkur á því að fjárfestingar til almennra atvinnuvega án stóriðjuframkvæmda, vaxi hægt á næstu misserum.

Vöxtur atvinnuvegafjárfestinga skýrist því af mest af framkvæmdum við endurbætur á álverinu í Straumsvík, byggingu kísilvers í Helguvík og tengdum orkuframkvæmdum og hálfopinberum framkvæmdum sem fjármagnaðar eru með einkafjármagni.

Í spánni er gert ráð fyrir því að ráðist verði í opinberar og hálfopinberar framkvæmdir sem fjármagnaðar verði af einkaaðilum og teljast þær framkvæmdir til atvinnuvegafjárfestinga. Eins og í haustspánni er gert ráð fyrir framkvæmdum við byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði og byggingu nýs Landsspítala. Þrátt fyrir vaxandi óvissu um framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng er gert ráð fyrir að þær framkvæmdir hefjist á yfirstandandi ári.



Framkvæmdir við kísilver í Helguvík hafa tafist og er nú búist við að þær hefjist á öðrum ársfjórðungi þessa árs.

Afgreiðsla rammaáætlunar, um verndun og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatns og jarðhitasvæði, hefur tafist nokkuð, en í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins við stjórnvöld frá því í vor var gert ráð fyrir að Alþingi afgreiddi hana fyrir árslok 2011. Óvissan sem ríkir um afgreiðslu rammaáætlunar, setur margar framkvæmdir í orkufrekum iðnaði í biðstöðu. Rammaáætlunin er forsenda fyrir því að hægt sé að taka ákvarðanir um frekari virkjanaframkvæmdir og fjárfestingar í orkufrekum iðnaði.

Hagdeildin spáir því að fjárfestingar til atvinnuveganna aukist um 16% í ár eftir 11% aukningu í fyrra, um 22% á næsta ári en að atvinnuvegafjárfestingar standi í stað árið 2014.

Íbúðafjárfestingar jukust um tæp 9% í fyrra sem er nokkuð meira en spáð var í október. Mikið framboð er af nýju og ónýttu húsnæði. Þung skuldabyrði margra

heimila og krafa um aukið eigið fé lánatakenda þrengir mjög möguleika fjölda fólks til fjárfestinga í húsnæði.


Þrátt fyrir þetta spáir hagdeildin áfram nokkrum vexti íbúðafjárfestinga og að þær aukist um 8% í ár, um 12% á næsta ári og um ríflega 18% árið 2014.

Þröng fjárhagsstaða og lítið svigrúm til lántöku hjá ríki og sveitarfélögum takmarkar enn um sinn getu opinberra aðila til nýfjárfestinga. Áætlað er að fjárfestingar hins opinbera hafi dregist saman um 16% í fyrra og horfur eru á að þær dragist saman um tæp 17% í ár. Á næsta ári er gert ráð fyrir að opinberar fjárfestingar haldist óbreyttar en taki að aukast lítillega á ný 2014.

Atvinnuástand fer hægt batnandi

Staðan á vinnumarkaði er erfið og þrátt fyrir að skráð atvinnuleysi hafi minnkað frá fyrra ári hefur atvinnuþátttaka haldið áfram að minnka og búferlaflutningar

hafa haldið áfram þótt dregið hafi úr þeim. Í desember 2011, var skráð atvinnuleysi 7,3% sem jafngildir því að um 11.760 einstaklingar hafi verið án vinnu. Til samanburðar var atvinnuleysið 8,0% í desember 2010 sem jafngildir því að 12.745 manns hafi verið án vinnu. Atvinnuleysi eykst venjulega á milli desember og janúar vegna árstíðabundinna sveiflna. Í ár er hins vegar gert ráð fyrir að skráð atvinnuleysi breytist lítið milli mánaða. Skýrist það m.a. af því að stór hluti þátttakaenda í átaksverkefninu „Nám er vinnandi vegur“ féll út af atvinnuleysisráðgjöf um áramótin og fær í staðinn námslán. Einnig rann út um áramótin bráðarbirgðaákvæði um hlutabætur fyrir þá einstaklinga sem hafa farið í minna starfshlutfall og fór stór hópur út af atvinnuleysisráðgjöf um áramót af þeim sökum.




Samkvæmt nýlegri könnun Hagstofunnar var fjöldi starfandi á vinnumarkaði óbreyttur á milli árána 2010 og 2011. Ársverkum fjölgaði aftur á móti í fyrra um ríflega 2.340 störf og skýrist aukinn fjöldi ársverka fyrst og fremst af lengri vinnutíma. Fyrirtæki virðast því ætla að nýta betur þá starfskrafta sem þau hafa nú þegar, áður en þau ráða fleira fólk til starfa. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir að hægt dragi úr atvinnuleysi næstu þrjú árin í takt við batnandi efnahagsástand. Atvinnuleysið var að meðaltali 7,4% á síðasta ári, í ár er gert ráð fyrir að atvinnuleysið verði 6,6%, 5,6% árið 2013 og 4,9% árið 2014.

Það er því fátt sem bendir til að markmiðið, sem aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld settu sér við gerð kjarasamninga sl. vor, um að ná atvinnuleysisinu niður fyrir 5% í lok árs 2013 náist.

Afgangur af utanríkisviðskipum

Myndarlegur afgangur hefur verið á viðskipum með vöru og þjónustu við útlönd síðustu misserin eftir áralangan halla. Heildarviðskipajöfnuður landsins ræðst hins vegar af bæði viðskiptum með vörur og þjónustu og vaxtagreiðslum til og frá landinu. Vaxtagreiðslur af erlendum skuldum eru mjög íþyngjandi og draga verulega úr afgangnum. Í fyrra var afgangurinn af heildarviðskiptum við útlönd, þegar litið er framhjá innlánsstofnunum í slitameðferð, um 1% af landsframleiðslu. Í ár er einnig gert ráð fyrir afgangi á heildarviðskiptum, sem nemur 1,3% af landsframleiðslu. Horfur eru á að vaxtagreiðslur vegna erlendra lána verði áfram miklar á næstu misserum og munu þær draga úr afgangi á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd. Þegar líður á spátímamann má gera ráð fyrir að innflutningur aukist hraðar en útflutningur og þá myndist lítilsháttar halli, um 1% af landsframleiðslu næsta ári og árið 2014.



Bakslag í alþjóðaviðskiptum undanfarin misseri hefur ekki haft mikil áhrif á utanríkisviðskipti hér á landi. Má það m.a. rekja til þess að staða útflutnings- og samkeppnisgreinanna er fremur sterk gagnvart erlendum keppinautum vegna veikrar krónu og lágs raungengis.

Raungengið hefur þó heldur hækkað frá því að það var hvað lægst á miðju ári 2009, aðallega vegna þess að verðbólga hér á landi er talsvert hærri en í nágrannalöndum okkar, en það er enn mjög lágt í sögulegu samhengi. Vöru- og þjónustuútflutningur jókst í fyrra um 2,7%, þar af jókst vöruútflutningur um 1% og þjónustuútflutningur um ríflega 6%. Má rekja þennan mikla vöxt í þjónustuútflutningi til mikils vaxtar í ferðaþjónustu.

Horfur eru á að útflutningur aukist áfram á yfirstandandi ári eða um 2,4%. Gert er ráð fyrir að framleiðsla í endurbættu álveri í Straumsvík aukist á þessu ári og einnig er gert ráð fyrir auknum útflutningi sjávarafurða m.a. vegna aukins loðnuafla. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti í ferðaþjónustu en það hægi þó heldur á vextinum frá fyrra ári. Þegar líður á spátímamann mun styrking krónunnar draga úr samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja og hamla vexti útflutnings, sérstaklega þjónustuútflutnings. Hagdeildin spáir því að heildarútflutningur á næsta ári og árið 2014 aukist um tæpt 1% hvort ár.


Stór hluti neyslu- og fjárfestingavara er fluttur inn frá útlöndum. Að meðaltali vóg innflutningur vöru og þjónustu um 40% af landsframleiðslu fram að efnahagshruninu, í kjölfar þess drógst innflutningur mikið saman og fór hlutfall hans af landsframleiðslu í ríflega 30% árið 2009. Frá 2009 hefur innflutningur

vaxið á ný. Með vaxandi neyslu heimilanna og auknum fjárfestingum má búast við að innflutningur haldi áfram að aukast á næstu misserum. Í fyrra er áætlað að innflutningur vöru og þjónustu hafi aukist um ríflega 3% sem er nokkuð minna en gert var ráð fyrir í haustspánni og skýrist að nokkru af minni fjárfestingum.

Hagdeildin spáir því að innflutningur aukist um 3% á yfirstandandi ári og 3,6% á næsta ári og ríflega 2% árið 2014 þegar hægir á aukningu fjárfestinga.

Verðbólga lækkar þegar líður á

Verðlagshorfur hafa heldur dökknað frá því í haust. Í haustspá hagdeildar var gert ráð fyrir að verðbólga yrði á bilinu 2,1 – 4,2% á næstu þremur árum. Verðbólga mældist 6,5% nú í janúar og hefur ekki mælst meiri síðan í maí 2010. Veiking krónunnar, hækkandi húsnæðisverð, bensínverð ásamt hækkunum á opinberum gjöldum og þjónustu vega hér einna þyngst og valda því að verðbólguhorfur hafa versnað. Horfur á minni verðbólgu erlendis og lækkandi verð á hrávörum svo sem bensíni og korni og styrking krónunnar ætti hins vegar að draga úr verðbólguþrýstingi þegar líður á spátímann.




Reiknað er með að verðbólga nái hámarki í byrjun yfirstandandi árs en lækki hratt næstu misserin. Hún verði samt 5,1% milli árána 2011 og 2012. Gert er ráð fyrir að verðbólgan haldi áfram að minnka og verði komin í 2% við lok spátímans 2014.

Krónan áfram veik

Þrátt fyrir afgang af viðskiptum við útlönd hefur krónan verið veik. Hún hefur veikst um 2,6% frá því í október sl. þegar haustspáin var gefin út og hefur ekki verið veikari frá því í júlí 2011. Afgangur af viðskiptum við útlönd ætti að skila sér í innstreymi gjaldeyris og sterkari krónu, en háar afborganir af skuldum þjóðabúsins hafa hins vegar leitt til þess að stór hluti gjaldeyrisins hefur farið aftur úr landi og heldur aftur af styrkingu krónunnar.

Seðlabankinn hefur haldið áfram að stíga varfærin skref í átt að afléttingu gjaldeyrishafa og hefur bankinn unnið eftir áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem lögð var fram í mars í fyrra. Meginmarkmið áætlunarinnar er að afnema höftin í skrefum án þess að valda óstöðugleika í efnahagslífinu. Áætlunin er ekki tímasett en byggir á ákveðnum skrefum sem verða stigin þegar ákveðnum skilyrðum í efnahagslífinu er uppfyllt. Má í meginatriðum skipta áætluninni upp í tvo áfanga.

Í þeim fyrri verður létt á þrýstingi á krónuna vegna aflandskróna í höndum ópolinmóðra fjárfesta og þeim beint inn í íslenskt efnahagslíf. Seinni áfanginn felst síðan í því að aflétta höftum á almenn gjaldeyrisviðskipi. Ærin verkefni eru óleyst svo hægt verði að aflétta höftunum og útlit er fyrir að nokkuð langur tími geti liðið áður en þeim verður að fullu aflétt. Mikið óhagræði, hár viðskiptakostnaður og glötuð fjárfestingatækifæri fylgja gjaldeyrihöftunum og því er brýnt að aflétta þeim eins fljótt og kostur er án þess að það valdi óstöðugleika í efnahagslífinu.



Mikil óvissa fylgir ávalt spám um þróun á gengi gjaldmiðla. Hagdeildin spáir nú, líkt og í fyrri spám, að gengi krónunnar styrkist nokkuð á spátímanum. Gert er ráð fyrir að undirlök spátímans verði gengi hennar um 5% sterkara en meðalgengisvísitala krónunnar í fyrra og vísitalan verði 206. Gengi krónunnar gagnvart evru verður þá um 152.

Aðhald í peningamálum

Stýrivextir eru nú 4,75% og hefur Seðlabankinn hækkað þá um 0,25 prósentustig frá því að haustspáin var gefin út. Hagdeildin gerir ráð fyrir að Seðlabankinn verði áfram með strangt aðhald í peningamálum þrátt fyrir takmarkaða heildareftirspurn og lítinn hagvöxt. Gera má ráð fyrir því að bankinn muni halda áfram að hækka stýrivextina þar til böndum hefur verið komið á verðbólguna. Hagdeildin spáir því að stýrivextir verði að meðaltali 6,9% í ár, en þeir fari síðan lækkandi á ný þegar líður á spátímann og verðbólguþrýstingur minnkar. Hagdeildin spáir því að stýrivextir verði 6,0% á næsta ári og 4,7% árið 2014.